

Fundur stýrihóps fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara, 30. september 2014, kl. 9.30-10.

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Ársæll Guðmundsson, Jón Torfi Jónasson, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Gunnar Gíslason og Sólrún Harðardóttir. Gestur fundarins var Arnór Guðmundsson forstöðumaður Námsmatsstofnunar.

Sigurjón setti fundinn.

1. Fundur fagráðs

Framundan er fundur fagráðs og farið var lauslega yfir dagskrá og skipulag fundarins.

2. Samstarf við Námsmatsstofnun

Arnór Guðmundsson kom á fundinn til að kynna hugmyndir sínar um samstarf Námsmatsstofnunar og fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara.

Námsmatsstofnun hefur haldið reglulega kynningarfundum um PISA og TALIS. Nú er áhugi fyrir að breyta forminu, efna til fundaraðar og dýpka umræðuna og breikka. Umræðuefni fundanna væru alþjóðlegar kannanir, s.s. PISA (Almar M. Halldórsson) og TALIS (Ragnar Ólafsson) ásamt ytra mati á skólastarfi (Þóra Björk Jónsdóttir). Þannig væri fengin fram betri heildarmynd. Arnór talar um að fá samstarf við fagráðið með það fyrir augum að ná samtali um það sem lýtur að kennurum. Skipulagður hefur verið fundur í Hannesarholti strax í næstu viku.

Stýrihópur tók vel í málaleitan Arnórs. Það fer vel á samstarfi sem þessu sem ætti að skila sér beint inn í okkar starf við stefnumótun, þar sem byggja þarf á ýmsum gögnum. Með samstarfinu fáum við sjónarhorn á skólastarf sem skiptir okkur máli í starfinu. Fagráði er ætlað að vera vettvangur samráðs og samstarfs. Ekki er raunhæft að búast við að fagrád lýsi sameiginlegri afstöðu sinni á viðfangsefnum en samræðan er báðum aðilum og öllum mjög holl. Mikilvægt er að umræðan þróist á uppbyggilegan hátt.

Hvernig samstarfinu verður nákvæmlega háttað þurfum við að ræða í fagráðinu. Arnór talaði um að mikilvægast væri að stofna til þessa samtals og hann vænti þess að fulltrúar fagráðsins tækju þátt í umræðunni í Hannesarholti.

Gunnar Gíslason varð hugsað til í þessu samhengi og vakti athygli á að niðurstöður hinnar viðamiklu rannsóknar um starfshætti í grunnskólum kæmu út á þessu ári.

(<http://staff.unak.is/not/runar/Rannsoknir/Starfshaettir.htm>)

Sólrún Harðardóttir fundarritari